



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS  
**DELTA KAPPA GAMMA™**

**Framkvæmdaráðsfundur DKG, haldinn 17. sept. 2022 á Center Hótel Plaza, Reykjavík.**

**Mættar eru:** Stjórn landsambandsins: Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, forseti, Elísabet Jóhannesdóttir Deltadeild, meðstjórnandi, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir Alfadeild, fráfarandi forseti, Kristín Helgadóttir Betadeild, gjaldkeri sem situr fundi stjórnar. Aníta Jónsdóttir Betadeild, 1. varaforseti, Guðný Helgadóttir Gammadeild, 2. varaforseti, Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir Nýdeild, ritari, og Eygló Björnsdóttir Betadeild, vefstjóri, boðuðu forföll.

Frá deildum: Málfríður Þórarinsdóttir - Alfadeild, Aðalbjörg Bragadóttir - Betadeild, Hrefna Sigurjónsdóttir - Gammadeild, Halldóra Jónsdóttir - Deltadeild, Guðríður Egilsdóttir - Epsilondeild, Unnur Óskarsdóttir - Zetadeild, Ólöf Helga Þór - Etadeild, Lóa Björg Gestsdóttir - Betadeild, Vilborg Ása Bjarnadóttir - Iotadeild, Kristín Irene Valdimarsdóttir - Mýdeild, Guðbjörg Einarsdóttir - Nýdeild. Hildur Elín Vignir - Kappadeild og Sigurborg K. Kristjánsdóttir – Lambdadeild boðuðu forföll.

Frá nefndum: Ingibjörg Einarsdóttir Gammadeild, frá félag- og útbreiðslunefnd og Jóna Benediktsdóttir frá laganeftnd, Sigrún Klara Hannesdóttir Alfadeild, lögsögumaður.

## Dagskrá

### 1. Kveikt á kertum

Guðrún Edda Bentsdóttir, forseti DKG, setti fundinn, kveikti á kertum vináttu, hjálpssemi og trúmennsku og kynnti dagskrá fundarins.

### 2. Markmið samtakanna

Elísabet Jóhannesdóttir Deltadeild, las upp markmið samtakanna en þau er að finna á heimasíðu samtakanna undir: Markmið - Stefna - Sýn.

### 3. Orð til umhugsunar

Jóna Benediktsdóttir, form. laganeftndar og fyrrv. forseti samtakanna flutti orð til umhugsunar. Jóna sagðist vilja velja fyrir sér námi og skólastarfi í tengslum við ýmsar breytingar á samfélaginu. Aðallega ætlaði hún að fjalla um heimalestur og málefni barna með sérþarfir. Jóna byrjaði á að gera hefð fyrir heimalestri í skólastarfi að umfjöllunarefni og lýsti þeirri skoðun sinni að það væri út í hött að gefa börnum límmiða ef foreldrar láti börnin lesa heima.

Jóna venti sínu kvæði í kross og sagðist vilja velja aðeins fyrir sér málefnum barna með sérþarfir í skólastarfi. Hún rifjaði upp kynni sín af Dóru Bjarnason sem hún sagði hafa verið sannkallaðan undanfara í skólamáli en hún sagði m.a. að nám breytti því hvernig maður hugsaði.

Jóna velti einnig fyrir sér hvað væri grunnþekking og hvað væri kennt í grunnskólum landsins, hverjir ákveði hvað sé grunnþekking og hverjir ákveði hvað allir eigi og þurfi að kunna. Hún sagðist telja að nú orðið sé flestir sammála um að seigla og þrautseigja séu öllum börnum mikilvæg ásamt því að að hafa almennan málskilning. Hún varpaði fram þeirri spurningu hvort of miklum tíma barna sé varið eða eytt í að kenna smáatriði og gamla þekkingu sem hefð sé fyrir að fjalla um í skólastarfinu í stað þess að nota skólatíma barnanna í að fjalla um þau viðfangsefni sem nauðsynleg mega teljast í nútímasamfélagi. Hún nefndi sem dæmi að lífsleiknitengd viðfangsefni lendi oft á hliðarlínunni en mörg slík verkefni stuðli markvisst að því að undirbúa börn undir líf og starf í framtíðinni. Jóna lýsti líka þeirri skoðun sinni að lykilhæfni væri mjög mikilvæg og ætti að fá meiri umfjöllun og athygli í skólastarfinu. Hún velti fyrir sér hvað þurfi til að skólastarf breytist í þá átt sem hún hafði fjallað um að þörf væri á. Traust til skóla og skólakerfis væri lykilatriði í slíkum breytingum, að treysta skólum landsins fyrir námi og menntun barna og treysta skólakerfinu til að veita skólunum, starfsfólki og nemendum þá umgjörð og þann ramma sem nauðsynleg eru til að að þróa og breyta skólastarfi í átt til framtíðar. Hún sagðist fagna því t.d. að samræmd könnunarpróf hefðu verið lögð af og að upp væri tekið samræmt matskerfi til að meta framfarir barna í námi og einstaklingsbundinn árangur ekki síður en árangur heilla skóla eða sveitarfélaga. Það væri ekki þörf á að meta allt og að oft væri tilhneiging til að mæla það sem hentugt og auðvelt væri að mæla en aðrir mikilvægir þættir í skólastarfi væru ekki settir undir mæliker.

#### **4. Kynning á nýrri stjórn landssambands DKG**

Stjórnarkonur, Guðrún Edda og Elísabet kynntu sig stuttlega. Einnig kynntu sig gjaldkerinn, Kristín, og Ingibjörg Elsa, fyrrv. forseti, en þær sitja stjórnarfundi.

#### **5. Formenn deilda kynna sig og tjá sig um af hverju þær eru í DKG**

Formenn deilda og aðrir fulltrúar deilda sem mættu á fundinn kynntu sig, sögðu í hvaða deild DKG þeir væru fulltrúar fyrir ásamt því að upplýsa hvenær þeir hefðu gengið í samtökin. Fram kom að ýmsir þættir höfðu orðið til þess að vekja áhuga kvenna á samtökunum, s.s. áhugi á skólamálum og menntakerfinu, mikilvægi þess að mynda tengsl við konur í fræðslustörfum á breiðum grunni, að fylgjast með því helsta sem væri að gerast í fræðslustörfum og menntakerfinu ásamt því að njóta samvista við öflugar konur í gefandi samfélagi.

#### **6. Formenn nefnda og aðrir gestir fundarins kynna sig og segja stuttlega frá starfi sinnar nefndar**

- Laganefnd - Jóna Benediktsdóttir, Alfadeild
- Gjaldkeri - Kristín Helgadóttir, Þetadeild
- Lögsögumaður - Sigrún Klara Hannesdóttir, Alfadeild
- Féлага- og útbreiðslunefnd, Ingibjörg Einarsdóttir, Gammadeild
- Birna Sigurjónsdóttir, formaður samskipta- og útgáfunefndar boðaði forföll en sendi stutta samantekt á starfi nefndarinnar sem var lesin upp á fundinum.
- Soffía Vagnsdóttir, formaður menntamálanefndar, og Valgerður Janusdóttir, formaður námsstyrkjanefndar, boðuðu forföll og sendu kveðju á fundinn.

#### **7. Kynning á Delta Kappa Gamma**

Sigrún Klara Hannesdóttir, lögsögumaður, rifjaði upp stefnuyfirlýsingu DKG: *Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma stuðla að auknum fræðilegum og persónulegum þroska kvenna í fræðslustörfum og gæðum í menntun og uppeldisstörfum* og framtíðarsýn: Forystukonur í fræðslustörfum sem geta haft áhrif á menntun um víða veröld (*Leading Women Educators Impacting Education Worldwide*). Hún rifjaði upp nokkrar sögulegar staðreyndir um stofnun og starfsemi samtakanna og sagði frá stöðunni í dag en nú telja samtökin um 55 þús. félagskonur. Sigrún Klara sagði frá uppbyggingu samtakanna og skilyrðum félagsaðildar og þátttöku. Áhersla er á virkni félaga en einnig geta félagskonur sótt um aukaaðild af persónulegum ástæðum. Aðeins einn heiðursfélagi er í íslenska landssambandinu, frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrv. forseti. Félagskonum standa til boða ókeypis tímarit samtakanna, tækifæri til fræðslu og þekkingar á ráðstefnum og þingum, tækifæri til að gerast fyrirlesari (*International Speaker*), tengsl við félaga í öðrum löndum, ferðalög og að sækja ráðstefnur í Norður-Ameríku og Evrópu. Sigrún Klara sagði að lokin frá ýmsum alþjóðlegum nefndum sem tengjast rekstri og starfsemi samtakanna en áhersla hefur verið á að Evrópa eigi fulltrúa í sem flestum nefndum og hvatti félagskonur til að taka þátt í alþjóðlegu starfi samtakanna. Afrit af [glærum Sigrúnar Klöru](#) eru á heimasíðu DKG.

Hádegisverður í boði DKG

## **8. Erindi: Jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi – Sigríður Indriðadóttir, SAGA Competence**

Sigríður Indriðadóttir, frá SAGA Competence, nefndi erindi sitt *Við höfum áhrif*. Hún byrjaði á að segja frá sjálfri sér en hún er grunnskólakennari og kenndi í grunnskóla í nokkur ár áður en hún lærði mannauðsrágjöf og mannauðsstjórnunarfræði. Hún sagðist ætla að fjalla aðallega um hvetjandi og jákvætt mannauðs- og vinnuumhverfi. Hún lýsti þeirri skoðun sinni að allir gætu haft áhrif til góðs á sitt vinnuumhverfi. Allir séu hluti af öflugri liðsheild og að viðleitni til að efla og bæta vinnuumhverfi skili öllum árangri. Sigríður benti á að ef við berum öll ábyrgð á eigin hegðun og frammistöðu og leggjum okkar af mörkum stuðli það að auknu trausti, öflugri liðsheild og menningu á vinnustaðnum. Mikilvægt sé að reyna að sjá alltaf það besta í fólki. Hún rifjaði upp orð Mayu Angelou um að fólk muni ekki best eftir því sem fólk segir eða gerir heldur hvernig því leið nálægt þér. Sigríður fór yfir góðar venjur sem auka lífsgæði og árangur, stuðla að því að byggja upp traust sem er grundvöllur alls og gróðri liðsheild, lífsgæðum og hamingju. „Hjálpum öðrum að sjá sínar innri gersemar“, þ.e. að taka eftir því sem aðrir gera vel, sýna hrós og þakklæti. Með því að hrósa fyrir það sem vel er gert komum við auga á styrkleika annarra, drögum þá fram og nýtum. Til að hrós virki vel þurfum við að velja góðar venjur og sleppa ósiðum því með þeim hafa skuggahliðar okkar völdin. Mikilvægt er að kunna að setja heilbrigð mörk og gefa þannig til kynna hvað gildir á okkar vinnustað eða í okkar daglega lífi. Með endurgjöf vekjum við athygli á því sem vel er gert um leið og við hvetjum við samstarfsfólk til að gera enn betur. Hamingjan er ákvörðun (Operation Happiness) og er hæfni til að þróa með sér. Sigríður minnti á hversu mikilvægt það er að stilla sjálf orkuna fyrir daginn og benti á að hamingjusamasta fólkíð nái að gera það besta úr öllu. Sigríður endaði á að minna á orð heimspekingsins Laó Tse:

*Watch your thoughts, they become words,  
Watch your words, they become actions,  
Watch your actions, they become habits,  
Watch your habits, they become character,  
Watch your character, it becomes your destiny*

**9. Upplýsingar fyrir formenn, handbók o.fl. – Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir fyrrv. forseti**  
Ingibjörg Elsa nefndi erindi sitt *Mikilvægt fyrir formenn deilda í DKG*. Hún lagði áherslu á að deildastarfið sé grunnurinn að starfi samtakanna. Hún fór yfir helstu gögn sem setja ramma utan um starfið í deildunum, s.s. lög samtakanna og reglugerðir. Ingibjörg Elsa fór yfir helstu áherslur í lögum samtakanna og rifjaði upp nokkra þætti í lögum samtakanna, s.s. kjörgengi forseta og embættismanna samtakanna. Hún fór sérstaklega yfir [Handbók](#) fyrir stjórnir og formenn samtakanna. Þar er t.d. að finna ítarlegt efni um stjórnun og fundi deilda í 6. kafla, gátlisti um fundi deildanna í 7. kafla og fjármál deilda í 9. kafla. Mikilvægt er að formenn kynni sér þessa þætti vel. Ingibjörg Elsa sýndi einnig [gátlista fyrir formenn](#) sem er skipt í haust- og vorönn fyrir fyrra og seinna starfsár hverrar stjórnar. Hún ítrekaði að mikilvægt og gagnleg væri fyrir formenn að nýta sér þessa gátlista til að halda utan um hið mikilvæga starf sem fram fer í deildunum.

Glærur Ingibjargar Elsu verða aðgengilegar á heimasíðu DKG.

### **10. Framkvæmdaáætlun 2021 – 2023 rifjuð upp og rædd**

Guðrún Edda rifjaði upp framkvæmdaáætlun núverandi landssambandsstjórnar DKG fyrir tímabilið 2021 – 2023 og fór yfir stöðu markmiða. Hún hvatti formenn til að stuðla að því að fjölga um a.m.k. 2 – 3 konur í hverri deild og minnti á markmiðið um að breikka bakgrunninn í samtökunum þannig að starfssvið, menntun og uppruni félagskvenna endurspegli sem flesta þætti í íslensku menntakerfi og sem breiðast aldursbil. Guðrún Edda hvatti formenn deilda til að vera í sambandi við konur sem eru lítið virkar. Guðrún Edda hvatti formenn til að athygli á greinum og öðru efni sem félagskonur senda frá sér og þegar félagskonur hljóta viðurkenningu í samfélaginu. Hún minnti á þekkingarforðann á vef sambandsins þar sem félagskonur geta skráð sig á lista með umfjöllunarefni og fyrirlestra sem þær eru tilbúnar til að vera með á ráðstefnum eða öðrum kynningum. Þannig nýtum við þá þekkingu og reynslu sem býr í samtökunum. Erlend samskipti eru mjög mikilvæg og að vekja athygli félagskvenna á styrkjum og námskeiðum sem samtökin bjóða upp á, hvetja þær til að taka þátt í erlendu samstarfi og sækja fundi, ráðstefnur og þing á vegum samtakanna á alþjóðavettvangi.

### **11. Umræður um hvernig við getum eflt DKG á Íslandi.**

Guðrún Edda stjórnaði umræðum. Hver formaður skráði hjá sér nokkur atriði sem þeir gætu gert til að efla starf sinnar deildar og samtökin á landsvísu. Formenn kynntu síðan tillögur sínar með hópnum og komu margar góðar hugmyndir fram.

### **12. Fjárhagsáætlun lögð fram til umræðu og samþykktar.**

Kristín Helgadóttir, gjaldkeri DKG, fór yfir fjárhagsáætlunina fyrir næsta starfsár og var hún samþykkt einróma.

### **13. Landssambandsþing 2023 – tillaga að tíma- og staðsetningu.**

Guðrún Edda lagði fram tillögu um að landssambandsþing verði haldið á Suðurlandi 13. og 14. maí 2023. Epsilondeild verði gestgjafar þingsins og hefur deildin tekið þeirri áskorun fagnandi. Mjög hagstætt tilboð hefur borist frá Hótel Örku um fundaraðstöðu, veitingar og gistingu og var lagt til að því tilboði yrði tekið. Ábending kom fram á fundinum um að tímasetning vorráðstefna og landssambandsþinga væri ekki hentug fyrir félagskonur sem eru kennarar í framhaldsskólum sem eru mjög uppteknir við að undirbúa og vinna að vorprófum og öðru námsmati á þessum tíma. Betra væri að færa tímasetningu fram til loka apríl.

Forseti leggur þessar ábendingar fyrir landssambandsstjórnina.

**Önnur mál**

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16:00.

Fundargerð ritaði Guðrún E. Bentsdóttir, forseti í forföllum ritara

